

Glertrygging

Skilmáli E-13

Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Vátryggingarsvið

- 1.1 Vátryggingin tekur til venjulegs, sléttis rúðuglers í húsi því eða húseignarluta sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Forsenda bótaskyldu er að rúðunum hafi verið komið fyrir á endanlegum stað. Sé glerið tekið úr aftur fellur glertryggingin niður.
- 1.2 Neðangreint gler er aðeins tryggt, sé þess getið í vátryggingarskírteini:
Gler í auglýsingakössum og afgreiðsluborðum.
Sandblásið og/eða skreytt gler.
Plast- eða glerskilti ásamt ljósabúnaði.

2. gr. Vátryggingin bætir

- 2.1 Brot á hinu vátryggða gleri ásamt ísetningarkostnaði.
- 2.2 Kostnað við uppsetningu bráðabirgðahlera í stað glers eftir bótaskyldu tjón.
- 2.3 Brot á gler- og plastskiltum ásamt ljósabúnaði, hafi verið beðið um vátryggingu fyrir því sbr. gr. 1.2.

3. gr. Vátryggingin bætir ekki:

- 3.1 tjón sem fylgið er í því að úr glerinu flísast eða það rispast án þess að brotna;
- 3.2 tjón vegna óþættra samskeyta á tvöföldu eða þreföldu gleri;
- 3.3 tjón vegna útlitsbreytingar svo sem ef um er að ræða litarmun á þeim rúðum sem skipt er um og hinum sem fyrir eru;
- 3.4 tjón vegna eldsvoða, eldingar eða annarrar áhaettu sem lögboðin brunatrygging húseigna nær til;
- 3.5 tjón sem orsakast vegna þenslu, vindings eða af ónógu viðhaldi ramma eða lista;
- 3.6 tjón vegna þess að lampar eða hitatæki hafa verið notuð til að verja glerið frosti eða móðu;
- 3.7 tjón á áletrun eða öðru sem grafið er í glerið, loftlokum eða öðrum úbúnaði á glerinu og ekki heldur tjón á glerinu sem er afleiðing þess að slíkur útbúnaður er settur á, gert við hann eða hann tekinn burt;
- 3.8 tjón af völdum byggingaframkvæmda eða utanhússviðgerðar, nema málningu og venjulegu viðhaldi sem á sér stað á viðkomandi húsi eða hverju öðru húsi innan 10 metra fjarlægða frá glerinu;
- 3.9 tjón er verður vegna breytinga sem framkvæmdar eru við glerið, ramma þess og kringum það;
- 3.10 tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppbóta, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna svo og tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og annarra náttúruhamfara, nema annars sé sérstaklega getið.

4. gr. Uppgjör bóta

Allt tjón er bætt með útvegum sams konar hluta og tjón varð á ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. Sé ekki unnt að útvega sams konar hluti og tjón varð á greiðir félagið vátryggðum upphæð sem svarar til verðs hins vátryggða hlutar ef hann fengist á markaðnum.

5. gr. Tilvísun til annarra skilmála og laga

Að öðru leyti gildir 2. kafli skilmála félagsins um brunatryggingu lausafjár nr. E-3 og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006